

Þriðjudaginn 24. maí 1977.

Nr. 181/1976. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
 gegn

Hjalta Haraldssyni

(Páll S. Pálsson hrl.).

Fjárdráttur. Opinberir starfsmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa verið háð framhalds-
 próf í máli þessu, en ríkissaksóknari og verjandi hafa eigi
 talið þörf frekari rannsóknar. Nokkur ný gögn hafa og verið
 lögð fyrir Hæstarétt.

Málsatvik eru rakin í hinum áfrýjaða dómi. Svo sem þar
 getur, hefur ákærði staðið skil á fé því, er hann hafði dregið
 sér. Í því sambandi er upplýst í framhaldsrannsókn málsins,
 að hinn 16. október 1974 greiddi hann í peningum 770.000
 krónur inn á reikning Svarfaðardalshrepps hjá útibúi Kaup-
 félags Eyfirðinga á Dalvík. Var því ekki um millifærslu að
 ræða á fjárhæð þessari, svo sem að er vikið í héraðsdómi.
 Samkvæmt framburði Kristjáns Ólafssonar, útibússtjóra
 greinds kaupfélags, fékk ákærði í október 1974 að láni „út á
 afurðir“ 770.000 krónur, en tíðkast hafði að veita bændum
 afurðalán. Ákærði kveðst ekki sérstaklega minnst þessarar
 lántöku, en segir vel geta verið, að hann hafi fengið slíki
 lán. Ekki kveðst hann geta svarað því, hvort hann hafi greitt
 fé þetta inn á reikning hreppsins hjá nefndu kaupfélagsúti-
 búi.

Brot ákærða varðar við 1. mgr. 247. gr., sbr. 138. gr. al-
 menkra hegningarlaga, enda bar ákærða að halda peningum
 hreppsins aðgreindum frá eigin fé.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi.
 Skaðabóta hefur ekki verið krafist.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 75.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, 75.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Hjalti Haraldsson, sæti 6 mánaða fangelsi. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 75.000 krónur, og talsmannslaun skipaðs verjanda síns, Páls S. Páls-sonar hæstaréttarlögmanns, 75.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Eyjafjarðarsýslu 30. janúar 1976.

Ár 1976, föstudaginn 30. janúar, var í sakadómi Eyjafjarðarsýslu, sem háður var í dómsal bæjarfógetaembættisins í Keflavík, Vatnsnesvegi 33, af Sigurði Halli Stefánssyni setudómara, upp kveðinn dómur í sakadómsmálinu nr. 1405/1975: Ákærvaldið gegn Hjalta Haraldssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 9. janúar sl., er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 17. október 1975, á hendur Hjalta Haraldssyni bónda, Ytra-Garðshorni í Svarfaðardalshreppi, „fyrir að hafa á tíu ára tímabili fram til miðs árs 1974 í starfi oddvita Svarfaðardalshrepps — einkum á síðari hluta þess tímabils — dregið sér af fé hreppsins samtals kr. 1.354.127.39, en fjárdrætti sínum, eins og hann var um hver áramót á framangreindu tímabili, leyndi ákærði í ársreikningum hreppsins með því að telja ýmsar greiðslur, er greiddar voru eftir áramót, greiddar fyrir áramót og jafnframt á síðari hluta tímabilsins að telja fé, sem innborgað var eftir áramót, s. s. greiðslur frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, er bárust um miðjan janúar ár hvert, innkomið og í sjóði um áramót. Af framangreindri fjárhæð endurgreiddi ákærði hinn 16. október 1974, degi áður en hann skilaði af sér reiknings- og bókhaldsgögnum hreppsins, með eigin fé og lántökum kr. 770.000.00 í reikning hreppsins hjá KEA, Dalvík, kr. 275.000.00

á hlaupareikning hreppsins nr. 113 í Sparisjóði Svarfdæla og kr. 251.877.09 sem sjóðsinnstæðu.

Atferli ákærða þykir varða við 1. mgr. 247. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, ef krafist verður, og til greiðslu alls sakar-kostnaðar“.

Við munnlegan flutning málsins var sú breyting gerð að ósk saksóknara varðandi heimfærslu til lagaákvæða í ákæru, að atferli ákærða þyki varða við 247. gr. (ótiltekið), sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 6. desember 1917 að Þórleifstöðum, Svarfaðardalshreppi, og hefur hvorki sætt refsingu né öðrum viðurlögum, svo kunnugt sé.

Málavextir.

Ákærði var kjörinn varamaður í hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps í sveitarstjórnarkosningum 1962. Á fundi hreppsnefndar 17. september 1964 var hann kjörinn oddviti og gegndi síðan því starfi það sem eftir var kjörtímabils og síðan næstu kjörtímabil (1966—1970 og 1970—1974). Hafði hann á hendi öll venjuleg störf oddvita þessi ár, m. a. reikningshald fyrir sveitarfélagið og innheimtu opinberra gjald. Við kosningarnar 1974 komu fram tveir listar. Af öðrum listanum náðu þrír kjöri sem aðalmenn í hreppsnefnd, en tveir af hinum, og var ákærði annar þeirra. Eftir þessar kosningar var Halldór Jónsson kjörinn oddviti hreppsnefndar Svarfaðardalshrepps.

Í ágúst 1974 leitaði nefndur Halldór Jónsson til oddvita sýslunefndar, sýslumanns Eyjafjarðarsýslu, vegna þess að ákærði hefði eigi staðið skil á skjölum, munum og sjóðum hreppsins. Um miðjan október s. á. eftir ítrekaðar kröfur oddvita sýslunefndar afhenti ákærði skápa og kassa með bókhaldsgögnum svo og sjóði. Halldór Jónsson kom fáum dögum síðar á fund oddvita sýslunefndar og taldi slíka óreiðu á bókhaldi hreppsins, að lítið yrði á því byggt, og mundi hann t. d. ekki geta staðið að innheimtu hreppsgjalda með eðlilegum hætti, þannig að sveitarfélagið biði tjón af.

Með úrskurði, uppkveðnum 14. apríl 1975, vék hinn reglulegi dómari, Ófeigur Eiríksson, sæti í máli þessu. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 14. maí 1975, var Sigurður Hallur Stefánsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, en nú héraðsdómari í Keflavík, skipaður til þess „sem setudómari í Eyja-

fjarðarsýslu að fara með rannsókn á fjárreiðum Svarfaðardalshrepps“.

Í greindum úrskurði Ófeigs Eiríkssonar, sýslumanns Eyjafjarðarsýslu, segir svo: „Undanfarið hafa verið miklar deilur meðal íbúa Svarfaðardalshrepps út af bókhaldi sveitarsjóðsins. Leitaði oddviti hreppsins til dómars, sem jafnframt er oddviti sýslunefndar, sem er eftirlitsaðili með fjárreiðum hreppa í sýslunni, sbr. 92. gr. laga nr. 58, 1961, og tjáði honum, að slík óreiða væri á bókhaldi hreppsins af hálfu fyrrverandi oddvita, að hann gæti ekki staðið að innheimtu hreppsgjalda með eðlilegum hætti, og biði sveitarfélagið fjárhagslegt tjón af.

Oddviti sýslunefndar tók bókhaldsgögn hreppsins fyrir árin 1973 og 1974 í sína vörslu, og við frumathugun á því varð augljóst, að það yrði að færast að nýju. Var Ólafur Nílsson, löggiltur endurskoðandi, fenginn til að vinna það verk með aðstoð tveggja starfsmanna bæjarfógetaembættisins á Akureyri. Gerð var könnun á fjárhagsstöðu hreppsins pr. 31. des. 1973 og gerður reikningsjöfnuður pr. 30. júní 1974, er fyrrverandi oddviti lét af störfum. Könnun þessi leiddi í ljós mikla óreiðu í bókhaldinu, verulegar sjóðsskekkjur komu í ljós, auk þess sem nokkuð vantaði í sjóðinn, eða kr. 74.250.30, en byggt var á því, að sjóður hafi verið réttur í ársbyrjun 1973, en eins og áður segir náði könnunin aðeins til tímabilsins 1/1 1973 — 30/6 1974.

Könnun þessi var send hreppsnefndinni svo og fyrrverandi oddvita, en úttektin hefur ekki gegnt því hlutverki, sem henni var ætlað, þ. e. að vera óumdeildur grundvöllur að bókhaldi hreppsins og setja niður deilur milli manna í sveitarfélaginu, enda hefur nú, 8. þ. m., almennur hreppsfundur í Svarfaðardalshreppi gert ályktun, þar sem reikningar hreppsins fyrir árið 1974 eru taldir byggðir á „röngum forsendum“, en reikningarnir voru gerðir á grundvelli ofangreindrar könnunar skv. ábendingu oddvita sýslunefndar til oddvita hreppsins.

Vegna þessarar afstöðu hreppsfundar og í tilefni af niðurstöðu úttektar á fjárhagsstöðu hreppsins, þar sem m. a. kemur fram, að ljóst sé að um sjóðsskekkjur sé að ræða fyrir 1. janúar 1973, og með vísun til annars þess, er að framan er rakið, hefur oddviti sýslunefndar óskað opinberrar rannsóknar á máli þessu.“

Rannsókn málsins hófst hinn 26. maí 1975 með því, að tekin var skýrsla af vitninu Boga Nílssyni, aðalfulltrúa bæjarfógetans á Akureyri, nú sýslumanni Suður-Múlasýslu. Skýrði hann frá at-

hugun eða endurskoðun á bókhaldi Svarfaðardalshrepps, sem hann og Kristján Valdimarsson, aðalbókari við sama embætti, framkvæmdu að beiðni sýslumanns, framkominni í október 1974. Ætlunin hafi verið að koma bókhaldi hreppsins í það horf, að viðtakandi oddviti gæti byggt á því áframhaldandi færslur. Þetta hafi hins vegar reynst erfiðleikum bundið vegna rangfærslna og hafi þeir ekki treyst sér að gera viðhlítandi reikningsjöfnuð pr. 30. júní 1974. Hann kvað þá Kristján síðar hafa unnið nokkuð að athugun bókhaldsins sem aðstoðarmenn Ólafs Nílssonar.

Ákærði viðurkenndi þegar við upphaf yfirheyrslu fyrir dómi, að hann hefði á undanförnum árum, þ. e. einkum á seinni hluta starfstíma síns sem oddviti Svarfaðardalshrepps, tekið til eigin þarfa umfram laun sín af fé hreppsins. Hafi ætlun hans verið sú, að féð yrði endurgreitt, en af því hafi ekki orðið fyrr en hann var nauðbeygður til, þ. e. á síðustu dögum áður en bókhaldinu var skilað til núverandi oddvita. Hann kvað ekkert fé hafa verið til í sjóði hreppsins, er hann lét af störfum um mánaðamótin júní—júlí 1974. Hann kvað tvær ástæður hafa legið til þess dráttar, sem varð á því, að hann skilaði af sér bókhaldinu. Annars vegar það, að hann hafi haft lítinn tíma til að ganga frá reikningsuppgjöri, og hins vegar það, að hann hafi gert sér grein fyrir því, að hann yrði að standa skil á því fé, sem hann hafði ranglega tekið frá hreppnum. Síðasta eða einhvern síðustu daga áður en bókhaldinu var skilað til Halldórs Jónssonar oddvita kvaðst hann hafa endurgreitt hreppnum kr. 1.296.877.09, þ. e. kr. 770.000.00, sem millifærðar voru af viðskiptareikningi hans hjá KEA á Dalvík og inn á viðskiptareikning hreppsins, kr. 275.000.00, sem hann greiddi inn á hlaupareikning hreppsins í Sparisjóði Svarfdæla, og kr. 251.877.09, sem hann skilaði í peningum. Hann kvaðst aðeins hafa fært eina bókhaldsbók, þ. e. dagbók. Hann kvaðst einn og aðstoðarlaust hafa haft með höndum allt það, er viðkom fjárreiðum hreppsins, að undanskildu því, er varðar byggingu Húsabakkaskóla. Dómarinn bar undir ákærða lið fyrir lið leiðréttingar og millifærslur 1973 og 1974, sbr. ársreikning fyrir árið 1973 og reikningsjöfnuð pr. 30. júní 1974, sem Ólafur Nílsson færði fyrir sveitarsjóð Svarfaðardalshrepps. Hefur ákærði ekki gert um þau atriði neinar athugasemdir, sem máli skipta eða breyta efnislegri niðurstöðu.

Ekki síst vegna afdráttarlausrar játningar ákærða hefur niðurstaða endurskoðunar Ólafs Nílssonar grundvallarþýðingu í máli

þessu. Þykir því rétt, að fram komi hér orðrétt skýrsla hans, dagsett 15. nóvember 1974, um könnun á fjárhagsstöðu sveitarsjóðs Svarfaðardalshrepps í árslok 1973 og 30. júní 1974:

„1. *Aðdragandi.*

Að beiðni yðar, hr. sýslumaður, hef ég gert könnun á fjárhagsstöðu Sveitarsjóðs Svarfaðardalshrepps miðað við árslok 1973 og mitt ár 1974 í tilefni af oddvitaskiptum í hreppnum. Í því sambandi hef ég samið nýjan ársreikning fyrir árið 1973 og reikningsjöfnuð hinn 30. júní 1974. Verkið var að nokkru unnið á Akureyri 7.—11. nóvember s.l., og tóku tveir starfsmenn yðar þátt í því, eða þeir Bogi Nílsson og Kristján Valdimarsson, en þeir höfðu gert athugun á ýmsum þáttum og safnað gögnum, þegar ég hóf könnunina.

2. *Bókhald og ársreikningar.*

Fyrirverandi oddviti hefur fært bókhald sveitarsjóðs fyrir þann tíma, sem könnun þessi náði til, eða fyrir árið 1973 og fyrri helming yfirstandandi árs.

Færð hefur verið sjóðdagbók fyrir sveitarsjóð á árunum 1973 og 1974, dagbók fyrir rekstur skóla á árinu 1973, gjaldendabók á árinu 1973 og bók um útlán vegna Bjargráðasjóðslána. Sjóðdagbókin hefur verið aðal bókhaldsgagnið.

Ljóst er af bókhaldinu, að sjóðdagbókin hefur ekki verið færð jafnóðum og viðskiptin hafa farið fram, heldur eftir á. Þannig hefur engin regluleg skráning farið fram á sjóðshreyfingum sveitarsjóðs eða öðrum fjármagnshreyfingum, svo séð verði, en af því hefur leitt mikið óöryggi í meðferð fjármuna, og er erfitt að rekja einstök viðskipti sveitarsjóðs með vissu.

Einstakar hreyfingar á bankareikningum eru ekki færðar í bókhaldinu, heldur eru þær færðar um sjóð, en sú færsluáferð er almennt talin ófullnægjandi, enda er hún ótrygg.

Ársreikningur sveitarsjóðs fyrir árið 1973 lá fyrir, og hefur hann verið undirritaður af fjórum hreppsnefndarmönnum og þremur endurskoðendum. Ársreikningar fyrri ára lágu einnig fyrir.

Ársreikningurinn 1973 er ekki byggður á þeim grundvallarreglum, sem um reikningsskil gilda, og hann er ekki að öllu leyti í samræmi við það bókhald, sem hann ætti að hafa verið saminn eftir. Þannig er staðan við peningastofnanir í ársreikningnum ekki byggð á bókhaldinu, og eðlileg tenging eða afstemm-

ing rekstrarreiknings, eignabreytingarreiknings og efnahagsreikninga í byrjun og lok árs er ekki sýnd. Vegna þessa eru skekkjur í ársreikningnum, sem að nokkru hefðu komið fram, ef ársreikningurinn hefði alfarið verið saminn eftir og stemmdur af við bókhaldið. Á það t. d. við um skekkju milli sjóðs og hlaupareiknings.

3. Efni könnunar.

Eftir yfirlitskönnun málsins og eftir viðræður við yður, hr. sýslumaður, þótti sýnt, að mikilvægast væri að kanna síðasta efnahagsreikning, sem lá fyrir, eða efnahagsreikning í ársreikningi 1973. Með því fengist raunhæfur grundvöllur til að byggja á bókhald og uppgjör síðari tíma, en um leið myndu þær skekkjur, sem kynnu að vera í efnahagsreikningi 1973 og jafnvel eldri ára, leiðréttast við afstemmingar á einstökum eigna- og skuldaliðum ætur í tímann. Ennfremur var ákveðið, að gerður yrði reikningsjöfnuður um stöðu einstakra reikninga á miðju ári 1974, sem viðtakandi oddviti gæti síðan byggt á framhald þess árs. Að þessu beindist könnunin öðru fremur, en efnislega endurskoðun fylgiskjala eða einstakra gjaldaliða sveitarsjóðs fyrir árið 1973 og fyrri hluta ársins 1974 hef ég ekki framkvæmt, enda höfðu endurskoðendur hreppsins gert slíka athugun. Af þessum ástæðum kemur ekki til mats á réttmæti einstakra reikninga af minni hálfu.

Við könnunina hefur verið leitað eftir viðskiptayfirlitum og upplýsingum frá peningastofnunum, lánveitendum og öðrum viðskiptamönnum.

4. Nýr ársreikningur 1973.

Þar sem veigamiklar skekkjur komu fram við könnun á fyrirbyggjandi ársreikningi sveitarsjóðs fyrir árið 1973, þótti nauðsynlegt að semja nýjan ársreikning fyrir það ár, og fylgir hann hér með skýrslu þessari. Honum fylgja skýringar á ýmsum liðum reikningsins.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi sveitarsjóðs og þeirri könnun, sem gerð hefur verið á stöðu sveitarsjóðs. Leiðréttingar á skekkjum og ýmsar millifærslur, sem orðið hefur að gera, hafa ekki verið færðar í dagbók sveitarsjóðs, en á fskj. 3 með ársreikningnum fylgir skrá og greinargerð um þessar færslur, og kemur þar fram, hvernig þær hafa verið færðar í reikningum.

Eins og áður segir, var leitað eftir upplýsingum og yfirlitum frá ýmsum viðskiptaaðilum sveitarsjóðs og eigna- og skuldaliðir

kannaðir með hliðsjón af þeim. Kom m. a. í ljós, að Bjargráða-sjóðslán og endurlán þeirra höfðu ekki verið færð í ársreikning að fullu og lán hjá Byggðasjóði og endurlán þess var ófært, og vísast í því sambandi til 4. og 15. skýringar með ársreikningi.

Verulegar sjóðsskekkjur komu fram við könnunina, og vísast til 6. kafla hér á eftir varðandi þær.

Að öðru leyti vísast til þeirra skýringa og athugasemda, sem fylgja ársreikningnum.

5. Reikningsjöfnuður 30. júní 1974.

Eins og áður segir, var saminn reikningsjöfnuður miðað við 30. júní 1974, og fylgir hann hér með skýrslu þessari, en með honum fylgja skýringar og sundurliðanir á ýmsum liðum hans. Reikningsjöfnuðurinn er byggður á hinum nýja ársreikningi, sem rætt er um hér að framan, og því bókhaldi, sem fyrrverandi oddviti hefur fært fyrir fyrri hluta þessa árs. Við athugun á því komu fram nokkrar skekkjur, og er tekið tillit til þeirra við gerð jafnaðarins. Leiðréttingar hafa ekki verið færðar í bækur sveitar-sjóðs, en með reikningsjöfnuðinum fylgir skrá um leiðréttingar og millifærslur á árinu 1974. Reikningsjöfnuðurinn er miðaður við 30. júní, eins og áður segir, en í honum koma fram ýmsar hreyfingar eftir þann tíma, sem varða störf fyrrverandi hrepps-nefndar og skil fyrrverandi oddvita.

Varðandi sjóðsskekkjur, sem fram koma á árinu 1974, vísast til næsta kafla hér á eftir, en að öðru leyti vísast til skýringa með reikningsjöfnuðinum og hinum nýja ársreikningi fyrir árið 1973.

6. Sjóðmismunur.

Verulegar skekkjur komu fram á sjóðshreyfingum á þeim tíma, sem könnunin náði til, eða á árinu 1973 og fyrri helmingi yfir-standandi árs, og verður hér gerð nánari grein fyrir þeim. Leiðréttingarnar hafa verið færðar í sérstakan reikning í ársreikningi „Biðreikning vegna sjóðs“, en staða hans 31. desember 1973 er kr. 251.251.40 samkvæmt efnahagsreikningi, en kr. 74.250.30 í reikningsjöfnuði 30. júní 1974, og fer sundurliðun hans hér á eftir, en við hverja fjárhæð er vísað til númers færslu á fskj. 3 með ársreikningi og reikningsjöfnuði:

1. Innborgun til KEA, Dalvík, 7/6 1973,	
tvífærð (4)	105.000.00
2. Innborgun til KEA, Dalvík, 11/7 1973,	
tvífærð (5)	500.000.00

- | | |
|---|------------|
| 3. Skuld á hlr. 113 í ársbyrjun 1973, kr. 448.245.60 er rangfærð inn í sjóð í lok ársins með ávísunum útgefnum á hlaupareikninginn (7) | 448.245.60 |
| 4. Innborgun Halldórs Jónssonar í hlr. 113 í desember 1973, en ófærð 1973, en hún er færð í sjóð 1974. Halldór er talinn hafa skuldað útsvar o. fl. í árslok 1973 að fjárhæð kr. 135.960, sem fært er sem greitt á árinu 1974. Þessa fjárhæð hafði Halldór greitt 1973 með reikningi fyrir dýralækningar 1973 kr. 120.953 og eftirstöðvarnar kr. 15.007.00 hafði hann lagt í hlr. sveitar-sj. í desember 1973 (7) | 15.007.00 |
| 5. Reikningur Hjalta Haraldssonar v/ skólabyggingar afhentur Hirti Þórar-inssyni, en vanfærður í dagbók (32.138 ÷ 22.238), sbr. fskj. 372 1973 (12) .. | 9.900.00 |
| 6. Viðskipti við héraðssamlag skv. færslum 365 og 366, 1973, færð í sjóð-reikning, en eiga að viðskiptafærast (182.499 ÷ 179.788) (17) | 2.721.00 |
| 7. Vanfærðir vextir af víxli, sbr. fskj. 69, 1973 (18) | 200.00 |
| 8. Leiðrétting skv. fskj. 372, 1973 hafði áður verið leiðrétt (20) | 60.00 |
| 9. Útteknir peningar Hallgríms Hreins-sonar hjá KEA á árinu 1972 eru hér bakfærðir, en þá hefur oddviti fært á byggingarkostnað skóla. Eftir því sem næst verður komist, er hér um að ræða greiðslur til Hallgríms á Byggða-sjóðsláni, en andvirði þess kr. 297.840 var lagt í hlr. 113, 29. 12. 1973, án þess að það hafi verið fært sem skuld í árslok 1972 eða ársbyrjun 1973. Lánið virðist greitt Hallgrími þannig:
Úttekt hjá KEA 20/1 '73, fskj.
200 | 100.000 |
| Úttekt hjá KEA 12/4 '73, fskj. | |

221	80.000
Útitekt hjá KEA 22/4 '73, fskj.	
226	58.950
Útitekt hjá KEA 4/5 '73, fskj.	
228	10.000

Greiðslur samt.	248.950
Útsvar Jón Hreinss. '72	37.670
Útsvar Hallgr. Hreinss. '72 ..	1.220
Upp í útsvar	10.000

297.840

Lánið var kr. 300.000, lántökukostnaður kr. 2.160 og útborgun kr. 297.840. Þar sem lánið hafði ekki verið fært, þegar það var tekið, eru greiðslurnar til Hallgríms bakfærðar (21)

	248.950.00	
10. Mismunur á lánum hjá Bjargráðasjóði og útlánum þeirra offærðar áður (77.740 ÷ 70.740) (22)		7.000.00
11. Afborganir af lánum Bjargráðasjóðs til 31. 12. '72, vanfærðar (23)		81.000.00
12. Afborganir af útlánum v/Bjargráðasjóðs til 31. 12. '72, vanfærðar (24) ..	54.000.00	
13. Laun Halldórs Jónss. vegna dýralækninga 1972, ófærð. Útsvörin, sem greidd voru með laununum, eru færð í sjóð, sbr. fskj. 179, 1972 (36)		98.127.00
31. 12. 1973, mismunur		251.251.40
	<hr/>	<hr/>
	910.731.00	910.731.00
	<hr/>	<hr/>
01. 01. 1974. Biðreikn. v/sjóðs	251.251.40	
14. Reikningur frá I. Pálmasyni h.f. skv. fskj. 169, 1974, ókvittaður, enda greiddur af formanni byggingarnefndar skóla og er því bakfærður hér (1)	19.784.00	
15. Greiðsla til sýslumanns vegna sýslusamlags 13.0574 ófærð í dagbók (4) ..		280.216.20

16. Afborganir af útlánum v/Bjargráða- sjóðs 1/1—30/6 1974 vanfærðar (5) ..	3.200.00	
17. Fylgiskjal 174, 1974 v/Bjargr.sjóðs bakfært (6)	16.400.00	
18. Tvífærður reikningur Ingva Baldvins v/kennslu, sbr. fskj. 66 og 132, 1974 (10)	46.830.00	
19. Ógreitt orlof Önnu Báru Hjaltadóttur 1974, en fært úr sjóði (11)	6.206.00	
20. Offærður reikningur Trausta Þor- steinss., sbr. fskj. 54, 1974. (18.798÷ 14.226) (12)	4.572.00	
21. Offærður reikningur Heimis Kristins- sonar, sbr. fskj. 75, 1974. (24.895÷ 18.672) (13)	6.223.00	
22. Innstæða á ávísanareikn. 2083 í Lands- banka, vanfærð í sjóð. (15)	0.10	
30. 06. 1974, mismunur		74.250.30
	<hr/>	
	354.466.50	354.466.50
	<hr/>	
01. 07. 1974, biðreikn. v/sjóðs	74.250.30	

Í framangreindu yfirliti kemur fram, að sjóðsskekkjur eru bæði til hækkunar og lækkunar, en niðurstaða er sú, að sjóður eigi að vera 74.250.30 hærri en bókhaldið sýndi, þegar fyrrverandi oddviti skilaði sjóði af sér. Samkvæmt reikningsjöfnuði er sjóðsstaðan kr. 251.877.09, og hefur fyrrverandi oddviti afhent þá fjárhæð.

Eins og bókhaldi sveitarsjóðs og gerð ársreikninga hefur verið háttað og áður er lýst, hefur ríkt nokkur óvissa um stöðu sjóðs á hverjum tíma. Við gerð hins nýja ársreiknings og reikningsjafnaðar hefur verið gengið út frá og byggt á sjóðsstöðunni eins og hún er í fyrirbyggjandi efnahagsreikningi sveitarsjóðs 31. desember 1972 eða í ársbyrjun 1973 og snerta framangreindar sjóðsskekkjur fyrst og fremst árið 1973 og 1974.

Skömmu áður en fyrrverandi oddviti skilaði af sér sjóði og bókhaldi sveitarsjóðs, eða 16. október sl., hefur hann greitt inn í reikning sveitarsjóðs hjá KEA, Dalvík kr. 770.000 og í hlr. 113 hjá Sparisjóði Svarfdæla kr. 275.000, eða samtals kr. 1.045.000, og eru þessar fjárhæðir færðar úr sjóði. Áður en þessar fjárhæðir

voru færðar, hefur sjóðsstaðan samkvæmt bókhaldinu verið kr. 1.296.877.09. Nefndar innborganir að fjárhæð kr. 1.045.000 eru frá fyrrverandi oddvita sjálfum, og virðist hann því hafa verið kominn í skuld við sveitarsjóð. Ekki er mögulegt að ákvarða það, hvenær til skuldarinnar hefur verið stofnað, vegna þess að tíma- setningar á sjóðshreyfingum í bókhaldi eru ekki öruggar, og bókhaldið er að öðru leyti óreglulega fært. Í viðtölum mínum og starfsmanna yðar við fyrrverandi oddvita hefur hann ekki getað upplýst, hvenær umrædd skuld hans myndaðist við sveitarsjóð, en telur líklegt, að það hafi orðið á löngum tíma eða jafnvel árum.

7. Lokaorð.

Meðan á könnun okkar stóð, kom fyrrverandi oddviti, Hjalti Haraldsson, tvisvar til viðræðna við mig og starfsmenn yðar, og var leitað skýringa hjá honum á ýmsum atriðum varðandi reikninga sveitarsjóðs. Voru honum jafnframt kynntar framangreindar niðurstöður, einkum varðandi sjóðsskekkjur, og meðferð þeirra í uppgjörum mínum. Gaf hann upplýsingar um ýmis atriði, en nokkuð erfitt var að rekja ýmsa þætti vegna ófullnægjandi bókhalds, sem frekar verður talið til ónógrar aðgæslu eða óreiðu af hálfu fyrrverandi oddvita en að vísitandi hafi verið rangt með farið.

Núverandi oddviti, Halldór Jónsson, og Þórarinn Jónsson, hreppsnefndarfulltrúi, komu einnig til viðtals við okkur, og var þeim kynnt efni þessarar könnunar í aðalatriðum og niðurstöður hennar.

Eins og fjallað hefur verið um hér að framan, eru niðurstöður þessarar könnunar m. a. þær, að enn vanti kr. 74.250.30 á, að sjóði hafi verið skilað. Ég legg hins vegar áherslu á það, að sú niðurstaða byggist m. a. á þeirri forsendu, að sjóður hafi verið kr. 115.598.94 í byrjun árs 1973 eða eins og hann er í efnahagsreikningi 31. 12. 1972. Athugun á sjóðsfærslum á árinu 1972 og á árunum þar á undan hef ég ekki gert, og verður öryggi greindrar niðurstöðu að skoðast í því ljósi. Ennfremur kunna enn að koma fram sjóðsskekkjur frá árinu 1973 og 1974, sem legið geta t. d. í því, að útistandandi skuldir sveitarsjóðs vegna opinberra gjalda og útlána séu ekki rétt tilgreindar í reikningsjöfnuði, en það kemur ekki í ljós, fyrr en reyna fer á innheimtu þeirra.

Það virðist hins vegar ljóst, að skekkjur eru í sjóðsfærslum fyrir hér umræddan könnunartíma, m. a. í árslok 1972. Þær

skekkjur virka bæði til hækkunar og lækkunar á sjóðsstöðunni á þeim tíma, og var ekki grundvöllur til að taka tillit til þeirra hér án frekari athugunar á fleiri atriðum aftur í tímann. Þegar tekin verður afstaða til þess, hvort frekari rannsókn verði gerð á fjárreiðum sveitarsjóðs aftur í tímann, einkum sjóðshreyfingum, verður að taka mið af þeim möguleikum, sem eru til slíkrar rannsóknar. Í því sambandi yrði að kanna, hvort bókhald fyrri ára veiti möguleika til rannsóknar af þessu tagi og hvort önnur þau gögn, sem rannsóknin yrði að byggjast á, séu fyrir hendi, svo komist verði að öruggri niðurstöðu“.

Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði hagrætt ársreikningum þannig, að hann hefði talið fé, sem í raun hafi verið greitt hreppnum eftir áramót, sem innkomið og sem sjóð um áramótin svo og að greiðslur, sem í raun hafi verið inntar af hendi eftir áramót, hafi verið greiddar fyrir áramótin. Vísaði hann í þessu efni til greiðslna frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sem ávallt hafi verið færðar á þennan hátt, þ. e. sem fé í sjóði um næstu áramót áður en greiðslurnar komu, sbr. þær kr. 448.245.60, er greinir í kafla 6, lið 3, í framangreindri skýrslu Ólafs Nílssonar. Varðandi hið síðarnefnda benti hann á sem dæmi greiðslu til sýslumanns kr. 280.216.20, sbr. 15. liður í 6. kafla greindrar skýrslu. Kvaðst hann hafa þar af ásettu ráði fært greiðslu reiknings, sem í raun fór fram 13. maí 1974 sem útgjöld á árinu 1973.

Ákærði kvað viðsjár og flokkadrætti hafa aukist mjög með mönnum í Svarfaðardalshreppi á undanförunum árum, þannig að til vandræða horfði með hreppsmálefni. Hélt hann fram þeirri skoðun sinni, að deilur þær, sem orðið hefðu út af fjárreiðum hreppsins, væru hlekkur í keðju í þeim skilningi, að þar hefði meiri rósemi verið viðhöfð, ef ekki hefði annað komið til. Nefndi hann þar til greinir, sem orðið hefðu með þeim Halldóri Jónssyni, núverandi oddvita.

Vitnið Halldór Jónsson bóndi, Jarðbrú í Svarfaðardal, sem kjörinn var oddviti Svarfaðardalshrepps eftir kosningarnar 30. júní 1974, greindi frá ítrekuðum tilraunum sínum og sýslumanns til að fá bókhaldsgögn hreppsins frá ákærða, en þær hafi ekki borið árangur fyrr en 17. október 1974, er hann að tilvísun ákærða sótti þau á bókhaldsskrifstofu Hilmars Danielssonar á Dalvík. Við athugun kvaðst hann fljótlega hafa séð þá hluti, sem dugðu til þess að ákveða að taka ekki við bókhaldinu í því formi, sem það var í. Nefndi hann til ýmis atriði, sem lágu til þessarar ákvörðunar, en einkum það, að daginn áður en bókhaldið var af-

hent hefðu kr. 770.000.00 verið lagðar inn á viðskiptareikning hreppsins í KEA, kr. 275.000.00 inn á hlaupareikning í Sparisjóði Svarfdæla og kr. 251.877.00 skilað í sjóð. Hann kvaðst þegar er hann tók við starfi oddvita, hafa kynnt sér stöðu hreppsins í áður-nefndum reikningum og skuld í þeim þá numið um kr. 2.4 milljónum. Hann kvað ákærða um það leyti hafa veitt sér þær upplýsingar, að í sjóði hreppsins væru um kr. 40.000.00, og aðspurður um stöðu hlaupareiknings nr. 113 í Sparisjóði Svarfdæla hefði hann svarað því til „að þar væri víst ekkert eftir“. Þá skýrði hann svo frá, að miðað við sjóðsstöðuna 1. janúar 1974 og þær tekjur og þau gjöld, sem til höfðu fallið á tímabilinu til 30. júní, hefði honum sýnst útilokað, að þessi sjóðsstaða fengi staðist í lok tímabilsins. Hann skýrði frá því, að biðreikningur vegna sjóðs, sem var kr. 74.250.30 samkvæmt reikningsjöfnuði 30. júní 1974, hefði lækkað um kr. 17.000.00, sem hefði atvikast þannig, að bryti Húsabakkaskóla hefði komið til hans í september 1974 með reikning á hendur hreppnum vegna skólakostnaðar, að fjárhæð kr. 25.000.00, og þá komið í ljós, að ákærði hefði greitt kr. 17.000.00 af reikningsfjárhæðinni í desember 1973. Hann kvað bókhald hreppsins hafa að aflokinni rannsókn Ólafs Nílssonar komið í fjórum kössum frá sýslumannsembættinu og hefði ekki verið hreyft við innihaldi þeirra. Hann kvaðst hafa leitað í kössum þessum að fylgiskjölum ársins 1972, en ekki fundið að undanskildum skjölum varðandi Húsabakkaskóla. Hann kvað ákærða ekki hafa haldið neina höfuðbók, heldur ritað ársreikningana svo og skrá yfir skuldir gjaldenda inn í fundargerðarbók hreppsins. Hann greindi frá því, að hreppsnefndin hefði verið nær óstarfhæf frá miðju ári 1974.

Vitnið Sigurður Ólafsson, Syðra-Holti, Svarfaðardal, varaoddviti Svarfaðardalshrepps, kvaðst hafa gegnt oddvitastörfum um nokkurt skeið í forföllum Halldórs Jónssonar, sem hafi veikt að kvöldi hins 8. apríl 1975, er almennur sveitarstjórnarfundur var haldinn í Svarfaðardalshreppi, sem fyrr greinir. Kvaðst hann líft kunnur fjárreiðum hreppsins. Hann skýrði frá því, að hreppsnefndin hefði ákveðið að byggja ársreikning 1974 á reikningsjöfnuði Ólafs Nílssonar pr. 30. júní 1974. Hann kvað endurskoðanda hreppsreikninga í mörg ár hafa verið roskinn manni, Gest Vilhjálmsson, Bakkagerði, Svarfaðardalshreppi, en auk þess hefðu reikningarnir að sjálfsgöðu sætt endurskoðun sýslunefndar.

Vitnið Ingimar Brynjólfsson, bóndi og oddviti Arnarneshrepps, til heimilis Ásláksstöðum, Arnarneshreppi, Eyjafjarðarsýslu

kvaðst hafa verið sýsluendurskoðandi í Eyjafjarðarsýslu í u. þ. b. þrjú ár og sem slíkur ásamt Daníel Pálmasyni, Núpufelli, framkvæmt endurskoðun fyrir sýslunefnd á bókhaldi hreppanna og að því er bókhald Svarfaðardalshrepps áhrærir á sama hátt og annarra hreppa. Hann greindi frá því, að er endurskoðun fór fram á ársreikningum Svarfaðardalshrepps fyrir árið 1973 hafi ekki legið fyrir nein dagbók, en svo hafi hins vegar verið næstu ár á undan. Þau gögn, sem borist hefðu frá oddvitanum, hafi verið fylgiskjöl, uppstokkuð í umslögum eða möppum, og á hverju búnti strimill með samlagningu og samlagningartalan verið í samræmi við hinar einstöku heildartölur í ársreikningunum. Endurskoðendurnir hafi síðan borið fjárhæðir fylgiskjala saman við samlagningartölurnar á strimlinum og hafi þar allt komið heim og saman. Hann kvað þá endurskoðendurna hafa gert nokkrar athugasemdir varðandi færslur á eignabreytingareikningnum, en þær athugasemdir muni hafa verið munnlegar.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða og öðrum gögnum í máli þessu er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um atferli það, er greinir í ákæruskjali. Hefur hann með því orðið brotlegur við 247. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Hinn 14. nóvember 1975 greiddi ákærði sveitarsjóði Svarfaðardalshrepps, þ. e. inn á hlaupareikning nr. 349 við Sparisjóð Svarfðæla, kr. 57.250.30 og hafði þar með að fullu endurgreitt þær kr. 1.354.127.39, sem hann hafði dregið sér af fé hreppsins samkvæmt þeim gögnum, sem lögð eru til grundvallar í máli þessu. Ekki hefur verið krafist frekari bóta.

Við ákvörðun refsingar þykir bera að hafa sérstakt mið af greiðri og hreinskilnislegri játningu ákærða svo og því, að hann hefur að fullu greitt bætur vegna brotsins, en þær voru að mestu greiddar, áður en rannsókn máls þessa hófst.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuði.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Ásmundar S. Jóhannssonar héraðsdómslögmanns, kr. 50.000, og saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 30.000.

Dómsorð:

Ákærði, Hjalti Haraldsson, sæti fangelsi 8 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin

málsvarnarlaun Ásmundar S. Jóhannssonar héraðsdómslög-
manns, kr. 50.000, og saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 30.000.
Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 26. maí 1977.

Nr. 88/1975. **Hagi h/f**

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

Ívari Herbertssyni og gagnsök

(Gunnar Sólnes hrl.).

Vinnuslys. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfa-
son, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einars-
son og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 26. apríl
1976. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og máls-
kostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 12. maí
1976. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að
greiða honum 1.171.347 krónur með 7% ársvöxtum frá 1.
september 1969 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim
degi til 16. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til
greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði
og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál,
en hann fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmála-
ráðuneytisins 10. maí 1977.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Starfsmönnum aðaláfrýjanda, sem unnu að lagningu þak-
pappans, bar að gæta sérstakrar varúðar, er þeir lögðu papp-
ann að nokkru yfir gluggaopið. Telja verður, að það hefðu